

### 3. Fundur Verkefnisstjórn Rammaáætlunar, 6. áfanga.

**Staður:** Þerney, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Borgartún 26, 105 Reykjavík

**Tími:** 3. október 2025 kl. 11:00 – 13:00

**Mætt: Vstj:** Svanfríður Jónasdóttir (SJ), Pétur Marteinn Urbancic Tómasson (PMUT) (á Microsoft Teams), Kjartan Ólafsson (KÓ), Ása L. Aradóttir (ÁLA), Guðrún A. Sævarsdóttir (GAS), Jón Björn Hákonarson (JBH) (sat frá 11:20)

**URN:** Ása Guðmundsdóttir

**Gestir:** Hafsteinn S. Hafsteinsson, Jóhann Páll Jóhannsson

#### Dagskrá:

1. Afgreiðsla fundargerða 1. og 2. fundar
2. Hafsteinn S. Hafsteinsson, lögfræðingur, kemur á fund nefndarinnar kl. 11.15 og fer yfir frv. til breytinga á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun.
3. Jóhann Páll Jóhannsson, ráðherra, kemur á fundinn kl. 12.00 og fer yfir áherslur sínar og ríkisstjórnar í skipunarbréfi verkefnisstjórnar.
4. Skipan faghópa og verkefni næstu funda.

#### Fundarfrásögn:

Fundur settur 11:10.

1. Fundargerðir 1. og 2. samþykktar af verkefnisstjórn með fyrirvara um minniháttar breytingu hvað varðar orðalag um skipun formanna faghópa í 2. fundargerð.
2. Hafsteinn S. Hafsteinsson fer yfir frumvörp varðandi breytingum á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun. Hann sýnir glærur og eru kynntar tillögur starfshóps sem falið var að greina núverandi rammaáætlun. Hafsteinn mun ljúka sinni yfirferð á næsta fundi verkefnisstjórnar.
3. Jóhann Páll Jóhannsson kemur á fundinn kl. 12:00 og fer yfir áherslur sínar og ríkisstjórnar í skipunarbréfi verkefnisstjórnar.
4. Skipan faghópa og verkefni næstu funda. Búið er að hafa samband við aðila sem eru mögulegir formenn faghópanna:

- Faghópur 1: Birna Lárusdóttir, fornleifafræðingur og doktorsnemi í landafræði við HÍ
- Faghópur 2: Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, land- og skipulagsfræðingur
- Faghópur 4: Margrét Arnardóttir vélaverkfræðingur og viðskiptafræðingur
- Faghópur 3: óráðinn

Ræddar eru tillögur um formann í faghópi 3. KÓ fer í málið. Formenn faghópa 1, 2 og 4 samþykktir af verkefnisstjórn eftir umræðu. Verkefnisstjórn samþykkir að skipunarbréf formanna verði send án þess að faghópar séu enn fullskipaðir.

Formaður verkefnisstjórnar kynnti rammaáætlun á Loftslagsdegi 2025 þann 1. október.

Fleira er ekki rætt.

Fundi slitið kl. 13:25.

ÁG ritaði fundarfrásögn